



Í þessari skýrslu má finna niðurstöður úr könnun sem gerð var á meðal félagsmanna Einingar-Iðju vegna undirbúnings komandi kjarasamninga.

Könnunin stóð yfir dagana 6. til 10. maí 2013.

Í könnuninni gafst félagsmönnum kostur á að merkja við fimm áhersluatriði af 16 á lista sem dreift var af trúnaðarmönnum félagsins og setja þau í röð eftir mikilvægi þeirra. Könnunin var á ábyrgð trúnaðarmanna sem sáu um að koma spurningalistum á samstarfsmenn sína og skila þeim aftur á skrifstofur félagsins.

Einnig var tækifærið notað og félagsmenn spurðir út í hvort þeir vissu hver væri trúnaðarmaður á þeirra vinnustað og til hvers þeir leita ef þeir þurfa á aðstoð að halda.

1.312 félagsmenn sendu inn útfyllta spurningalista, 292 úr Opinberu deildinni, 531 úr Matvæla- og þjónustudeild og 389 úr Iðnaðar- og tækjadeild. 102 þátttakendur merktu ekki við í hvaða deild þeir eru.

942 spurningalistar voru gildir og miðast niðurstöður könnunarinnar við þá. Því miður voru of margir sem fylltu út sinn lista með því að setja x í stað númera og eins settu margir hverja tölu oftar en einu sinni.

Auk þess að mjög skýr vilji mjög margra félagsmanna kom fram í þessari könnun var hún jákvæð að ýmsu öðru leyti. Trúnaðarmenn félagsins fengu þarna verkefni og reynslu, jákvæð umræða skapaðist um félagið meðal félagsmannanna, félagsmenn munu vonandi margir hverjir hafa annað viðhorf til samningaferlisins þegar það hefst og síðast en ekki síst má telja þessa aðferð vænlega til að fá fram skýran vilja félagsmanna þar sem þeim gefst kostur á að setja fram sín viðhorf í sínu eigin umhverfi, í rólegheitum á kaffistofunni eða heima hjá sér, í stað þess að mæta á fundi og þurfa þar ef til vill að standa frammi fyrir fjölda manns.

Afgerandi niðurstaða


En hverjar eru þá niðurstöður þessarar könnunar? Hvað vilja félagsmenn leggja áherslu á í komandi kjarasamningum? Fram komu eitthvað mismunandi áherslur á einstök atriði eftir deildum félagsins en í heild er niðurstaðan birt í töflu 1 og með myndrænum hætti í myndriti 1. Í töflu 1 er atriðunum raðað upp eftir mikilvægi, það er meðaltali þess númers sem svarendur settu við hvert atriði. Þeir sem þátt tóku í könnuninni máttu merkja við fimm atriði af 16 sem á listanum voru og raða þessum fimm atriðum upp eftir mikilvægi, þannig að það sem merkt var númer eitt var mikilvægast og svo koll af kolli. Stuðullinn er meðaltal þess númers sem viðkomandi atriði fékk hjá þeim sem það völdu. Hlutfallstalan í dálkinum til hægri vísar til þess hve stórt hlutfall af þeim 1.312 sem svöruðu könnuninni merktu við viðkomandi atriði.

Tæplega kemur á óvart að aukinn kaupmáttur launa er afgerandi efstur á blaði með lágstan stuðul. Þetta er sama niðurstaða og í könnunum sem gerðar voru árin 2007 og 2010. Það eru aðeins mismunandi áherslur á að milli deilda, sjá myndrit 2 til 6.


Tafla 1: Hvað vilt þú að lögð verði áhersla á í næstu kjarasamningnum? (Hver og einn mátti merkja við 5 atriði og raða þeim eftir mikilvægi 1-5, þar sem 1 var mikilvægast)		
Röð	Áhersluatriði	Stuðull
1	1. Auka kaupmátt launa	2,07
2	3. Launahækkun verði í krónutölu	2,47
3	13. Hækka skattleysismörkin	2,69
4	16. Lækka skattprósentuna	2,93
5	9. Hækka lágstu launin umfram aðra	3,06
6	7. Launahækkun verði í %	3,07
7	2. Halda réttindum (veikindi og orlof) milli vinnustaða í starfsgrein	3,31
8	8. Auka bil á milli launaprepa	3,34
9	4. Styttu vinnuvikuna	3,40
10	5. Launaprep miðist við starfsaldur í starfsgrein	3,49
11	11. Launaprep miðist við lífaldur hvers og eins	3,55
12	6. Auka veikindarétt	3,62
13	12. Auka veikindarétt vegna barna	3,64
14	14. Hækka vaxtabætur	3,65
15	10. Lengja orlof	3,72
16	15. Afnema tekjutengingu á allar lífeyrisgreiðslur	3,84

Það sem er grænt eru kröfur gagnvart ríkinu


**Myndrit 1: Hvað leggja menn mest áherslu á -
meiri áhersla eftir því sem talan verður lægri.**




Myndrit 2: Opinbera deildin




Myndrit 3: Matvæla- og þjónustudeild




Myndrit 4: Iðnaðar- og tækjadeild



Myndrit 5: Skrá ekki deild




Myndrit 6: Samanburður á áherslum




Í könnuninni var einnig var spurt um hvort viðkomandi félagsmaður viti hver sé trúnaðarmaður á hans vinnustað og til hverra þeir leita ef þeir þurfa á aðstoð að halda. Af þeim 1.312 sem svöruðu sögðu 89,8% já og 42,9% sögðust leita til trúnaðarmanns, 27,5% til vinnufélaga, 24,8% á skrifstofu félagsins og 4,9% leituðu annað. Aftast í skýrslunni má finna lista þar sem búið er að taka saman svör þeirra sem segjast leita annað.


Myndrit 7: Veist þú hver er trúnaðarmaður Einingar-löju á þínum vinnustað?



Myndrit 8: Ef þú þarft á aðstoð að halda, til hvers leitar þú?



Myndrit 9: Aðstoð eftir deildum



Spurningalisti starfsgreinadeilda Einingar-Iðju

vegna undirbúnings komandi kjarasamninga

Gert 6. til 10. maí 2013



Í hvaða deild ert þú? **(ATH! NAUÐSYNLEGT AÐ MERKJA)**

___ Matvæla- og þjónustudeild ___ Opinberu deildinni
___ Iðnaðar- og tækjadeild Ekki viss? Sjá lista á bakhlið

Númerið eftir mikilvægi frá 1 upp í 5 það sem ykkur finnst brýnast að verði í kröfugerð félagsins.

Feitletraðar eru kröfur sem snúa að atvinnurekendum.

Undirstrikaðar eru kröfur gagnvart ríkinu.

- ___ Auka kaupmátt launa
- ___ Halda réttindum (veikindi og orlof) milli vinnustaða í starfsgrein
- ___ Launahækkun verði í krónutölu
- ___ Stytta vinnuvíkuna
- ___ Launabrep miðist við starfsaldur í starfsgrein
- ___ Auka veikindarétt
- ___ Launahækkun verði í % ☐
- ___ Auka bil á milli launabrepa
- ___ Hækka lægstu launin umfram aðra
- ___ Lengja orlof
- ___ Launabrep miðist við lífaldur hvers og eins
- ___ Auka veikindarétt vegna barna
- ___ Hækka skattleysismörkin
- ___ Hækka vaxtabætur
- ___ Afnema tekjutengingu á allar lífeyrisgreiðslur
- ___ Lækka skattprósenta

Annað sem þú vilt benda á sem ekki er á listanum.

Veist þú hver er trúnaðarmaður Einingar-Iðju á þínum vinnustað?

___ Já ___ Nei

Ef þú þarft á aðstoð að halda, til hvers leitar þú?

- a) ___ Vinnufélaga
- b) ___ Trúnaðarmanns
- c) ___ Skrifstofu stéttarfélags
- d) ___ Annað, hvað? _____

ATH! Mundir þú eftir að merkja við í hvaða deild þú ert?

Við þökkum þér fyrir að taka virkan þátt í undirbúningi félagsins í kröfugerð fyrir komandi kjarasamninga

Í matvæla- og þjónustudeild eru þeir sem vinna:

- í matvælaíðnaði, svo sem í mjólkuriðnaði, kjötvinnslu og sláturhúsum
- í kex- og sælgætisverksmiðjum og við drykkjarvöruiðnað
- við verkun og vinnslu á ferskum sjávarafli, þ.e. í frystingu, söltun og skreiðarverkun, rækju- og skelfiskvinnslu, í fiskeldi, hroga- og síldarvinnslu, loðnubræðslum og við línubeitingu
- við ræstingar og eldhússtörf hjá almennum atvinnurekendum
- á veitingahúsum, hótélum og gistiheimilum
- í þvottahúsum og efnalaugum hjá almennum atvinnurekendum
- hjá ferðaþjónustu bænda og við annað sem fellur undir ferðaþjónustu
- við gæslu (öryggis- og næturvarðmenn)

Í Iðnaðar- og tækjadeild eru þeir sem vinna:

- í slippvinnu, hafnarvinnu í vöruskemmum og hjá flutningafyrirtækjum
- í plast-, gúmmí-, pappírs-, umbúða-, lyfja-, gler-, málningarvöru- og tækniíðnaði
- í ofna-, bobbinga-, hillusmíði og skyldum málmsmíðum
- í byggingaiðnaði
- við vegagerð (þó ekki Vegagerð ríkisins)
- hjá steypustöðvum
- á bifreiðum, vinnuvélum og lyfturum
- á dekkja-, smur-, ryðvarnar-, bón- og þvottastöðvum
- í úrvinnslu-, fata-, vefjar- og skinnaiðnaði
- í hreinlætisvöruiðnaði
- í húsgagnaiðnaði
- við endurvinnslu
- í línu- og netagerð

Í Opinberu deildinni eru þeir sem vinna:

- hjá ríkinu
- hjá sveitarfélögum
- hjá einkastofnunum sem annast aldraða, fatlaða og börn

FÁÐU FRÉTTIRNAR BEINT Í ÆÐ!

Kíktu á vef Einingar-löju, www.ein.is, og skráðu þig á póstlista félagsins.



Skannaðu kóðann!

www.ein.is - lifandi vefur þar sem þú finnur m.a.

- Fréttir
- Félagavefinn
- Upplýsingar
- Kjarasamninga
- Kauptaxta
- Lög og reglugerðir
- Og margt fleira



EINING-IÐJA STENDUR VÖRÐ UM RÉTTINDI ÞÍN!

Eining-löja er öflugt stéttarfélag á landsbyggðinni.

Eining-löja / Skipagata 14 / Akureyri / Sími: 460 3600 / www.ein.is

www.ein.is

Svör við annað sem þú vilt benda á sem ekki er á listanum:

- Hækka laun neðan við miðjan lista um %, krónutöluhækkun á hærri laun
- Leggja aukna áherslu á hækkun dagvinnutaxta
- Lengja kaffipásur
- Minnka vægi yfirvinnu = hækka dagvinnulaun á kostnað yfirvinnu
- Afnema skattlagningu á yfirvinnu
- Einfalda launatöflur
- Nýtt starfsmat. Mat á stjórnunarstörfum og ábyrgð.
- Samræma álagsgreiðslur á vinnustöðum, betri skil á greiðslum í lífeyrissjóði
- Samræma tekjur fyrir allt landið o.fl.
- SETJA RAUÐ STRÍK Á KAUPMÁTT
- Hækka barnabætur
- Hækka dagvinnu, lækka yfirvinnu og geta lifað af dagvinnu
- Hækka námsstyrki / námslán
- Hækka skattleysismörkin
- Setja inn í kjarasamninga við Ak.bæ að útborgunardagur verði síðasta virka dag í mánuði
- Útborgun ekki seinni en 1. hvers mánaðar (sama hvaða vikudagur er)
- Lágmarkslaun verði miðuð við könnun um framfærslu normal fjölsk.
- Minni vinnu - meira kaup !
- Borga laun eftir vinnugetu
- Lægstu laun verði nóg til framfærslu fjölskyldu og einstaklinga
- Ég þarf fleiri krónur í launaumslagið. Hærra kaup !!
- Fólk á að geta lifað á launum sem er ekki hægt í dag. Orlofsrétt mætti auka
- Hafa merktu starfslýsingu á vinnustað
- Að bætur Almannatrygginga haldist í við lægstu laun
- Að desemberuppbót og orlofsuppbót verði skattlausar
- Að hægt sé að vinna af sér daga með því að vinna t.d 15 mín lengur
- Meta þegar starfsmenn hafa farið í nám eins og skólaliða (hjá Símei)
- Að réttindi nema verði meiri í tengslum við frí vegna skólans, ef um fullt nám
- Vinn á leikskóla og vil fá undirbúning eins og kennarar
- Taka af gangbrautarvörslu, að við fáum páska og jólafrí eins og kennarar
- Að stuðningsfulltrúar verði ráðnir 1 ár í senn að lágmarki o.fl.
- Stuðningsfulltrúar ekki að taka launalaust leyfi í vetrarfríi
- Að skólaliðar geti unnið upp daga rétt eins og kennarar
- Annað starfsfólk en kennarar geti unnið af sér frídaga í skóla.
- Að hækka launaþrep eftir 40 ára aldur
- Að starfsmaður geti hækkað í launum eftir langt starf t.d. 15-20-25 ár
- Vaktavinnufólk geti farið á eftirlaun 60 ára
- 80% vaktavinna sé metin jafnt og 100 % dagvinna
- Vantar fleiri launafl. Til að hafa kost á hækkun þegar öll námskeið eru búin
- Að yfirvinna sé kaupauki, ekki að það sé norm að vinna 12 tíma
- Færa frídaga í miðri viku að helgum
- Hættið að taka helgarnar sem veikindafrí, þetta er siðlaust hjá bænum
- Möguleiki að vinna í 3 mán. eftir veikindi án þess að auka veikindarétt á ný þegar um vinnuþrófun er að ræða t.d. í samstarfi við Virk.

- Mætti skoða einhverja útfærslu á veikindarétti vegna maka
- Auka veikindarétt einstæðra foreldra
- Auka veikindarétt vegna maka
- Taka af veikindadaga á helgidögum
- Taka helgidaga út úr veikindadögum
- Veikindaréttur starfsmanns er mjög góður og ekki sjálfgefinn
- Veikindaréttur þyrfti að vera aukinn hjá öllum, helst hjá þeim sem virkilega þurfa
- Er ekki sátt við stubbavaktir
- Mjög illa gert af atvinnurekenda að stytta vaktir úr 8 í 6,5 tíma á köflum
- Óánægð með styttri vaktir en 8 tíma. Það skerðir launin og mæta þarf oft í vinnu
- Skipulagðar vaktir í vaktavinnu verði ekki styttri en 8 klst.
- Stöðugleika, jafnrétti til launa
- Sömu laun hjá öllum Sveitarfélögum og á almenna markaðinum. Taka tillit til menntunar, hver sem hún er
- Sömu desember og orlofsuppbót fyrir alla
- Pásur og matartímar, þessu er ekkert fylgt eftir, vinn stundum 13 tíma án matar
- V. Orlofshúsa. Þegar þú tekur hús sem engin vill á ekki að taka fulla punkta
- Orlof fari eftir lífaldri
- Mér finnst nauðsynlegt að fólk fái "löglegt" vetrarfrí
- Vera í frí um jól og Páska, t.d. með því að vinna 10 mín. lengur á dag
- Vetrarfrí
- Að starfsmaður ráði meira hvenær hann tekur sumarfrí
- Vil að launagreiðandi virði rétt launþega til ákvarðanatöku orlofsréttar

Svör við hvert annað starfsmaður leitar ef ekki er leitað til trúnaðarmanns, vinnufélaga eða skrifstofu:

- ASÍ
- Á heimasíðu Einingar-Iðju
- Á netinu
- Deildarstjóra
- Enginn, veit ekki hverjum ég á að treysta
- Félagi eða yfirmanns
- Fjölskyldumeðlims
- Flokkstjóra
- foreldra
- Hina og þessa
- Hjalta og Kobbba (Verkstjórar)
- Húsvarðar eða yfirmanns
- Launafulltrúa eða Verkstjóra
- Mannsins míns
- Mömmu
- Nákomins ættingja innan verkalýðshreyfingarinnar
- Næsta manns
- Pabba
- Ritara
- Verkstjóra
- Vinnuveitanda/yfirmann
- Yfirmanna
- Það fer eftir hvað viðfangsefnið er